# Laugardagur 30. september

## SJÓNVARPIÐ

16.00 **Íþróttaþátturinn.**
18.00 **Dvergaríkið (14)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
20.20 **Gleraugnaglámur** (Clarence). Breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Barker í aðalhlutverki. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
20.45 **Lottó.**
20.50 **Stubbar** (Little Cigars). Bandarísk gamanmynd frá 1973. Leikstjóri Chris Christenberry. Aðalhlutverk Angel Tompkins, Billy Curtis, Jerry Maren og Frank Delfino. Myndin lýsir á gamansaman hátt baráttu dvergagengis við undirheimalýð. Þýðandi Reynir Harðarson.
22.20 **Styrjaldarmyndir** (Fragments of War). Áströlsk sjónvarpsmynd frá 1988. Leikstjóri John Duigan. Aðalhlutverk Nicholas Eadie, Anne Tenney, Huw Williams og Steve Jordell. Myndin, sem byggir á sannsögulegum atburðum, segir frá ástralska kvikmyndatökumanninum Damien Parer. Rakin er saga hans, allt frá byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar, en hann er einna þekktastur fyrir myndir sínar úr Kyrrahafsstríðinu. Þýðandi Páll Heiðar Jónsson.
0.05 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Með afa** Í dag fær afi skrýtna heimsókn úr sveitinni sem kemur skemmtilega á óvart. Afi ætlar að syngja og sprella með ykkur. Og auðvitað gleymir hann ekki að sýna ykkur teiknimyndirnar Ömmu, Skollasögur, Grímsævintýri, Villa, Blöffana og Óskaskóginn. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
10.30 **Jói hermaður.** Ævintýraleg og spennandi teiknimynd um alþjóðlegar hetjur sem eru að vernda heimsfriðinn.
11.00 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd með íslensku tali um Sólrúnu.
11.30 **Henderson-krakkarnir.** Ástralskur framhaldsflokkur um systkinin Tam og Steve sem nú eru flutt til borgarinnar. Fjórði þáttur af tólf.
12.00 **Sigurvegarar.** Sjálfstæður ástralskur framhaldsmyndaflokkur í átta hlutum. Annar þáttur. Afburðasnjall námshestur er niðurlægður og fyrirlitinn af krökkunum í bekknum. Þegar hann er valinn til þess að taka þátt í spurningakeppni útvarpsstöðvar nokkurrar breytist viðhorf þeirra.
12.55 **Morðsamningar.** The Enforcer. Sígild, bandarísk Bogart-mynd. Leynilögreglumanni veitist erfitt að koma upp um glæpahring þar sem vitnin eru drepin eitt af öðru. Aðalhlutverk: Humphrey Bogart, Zero Mostel, Ted De Corsia og Patricia Joiner.
14.25 **Útlagablús.** Outlaw Blues. Tukthúslimurinn Bobby ver tíma sínum innan fangelsismúranna við að spila á gítar og semja sveitatónlist. Einn helsti snillingur sveitatónlistarinar, Dupree, sækir fangelsið heim og verður við bón Bobbys að hlusta á okkur laga hans. Aðalhlutverk: Peter Fonda, Susan Saint James, John Crawford og James Callahan.
16.05 **Falcon Crest.**
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar, úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt. Umsjón Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Heilsubælið í Gervahverfi.** Hádramatísk grænsápuópera um ástir og örlög í heilbrigðisgeiranum. Aðalhlutverk: Edda Björgvinsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Júlíus Brjánsson, Pálmi Gestsson og Gísli Rúnar Jósson.
20.35 **Speglamorðin.** Murder with Mirrors. Í þessari léttspennandi mynd er fröken Marple fengin til þess að rannaska dularfulla atburði sem átt hafa sér stað á sveitarsetri vinkonu hennar. Aðalhlutverk: Helen Hayes, Bette Davis, John Mills og Leo McKern.
22.15 **Undirheimar Miami.** Miami Vice. Hörkuspennandi bandarískir sakamálaþættir. Aðalhlutverk: Don Johnson og Philip Michael Thomas.
23.05 **Furðusögur IV.** Amazing Stories IV. Þetta eru þrjár stuttar gamansamar spennumyndir úr furðusagnabanka Steven Spielberg. Aðalhlutverk Joe Seneca, Lane Smith, Louis Giambalvo, John Scott Glough og Lisa Jane Persky.
0.20 **Hákarlaströndin.** Shark's Paradise. Þrjú ungmenni taka að sér að rannsaka dulafullt og óhugnanlegt fjárkúgaramál þar sem haft er í hótunum að senda mannætuhákarla til strandar þar sem seglbrettaíþrótt er stunduð af miklu kappi. Aðalhlutverk: David Reyne, Sally Tayler, Ron Becks og John Paramor.
1.55 **Serpico.** Sannsöguleg mynd um lögregluþjón sem afhjúpar starfsbræður sína og er settur út í kuldann. Aðalhlutverk: Al Pacino, John Randolph, Jack Kehoe og Biff McGuire. Leikstjóri: Sidney Lumet. Stranglega bönnuð börnum.
4.05 **Dagskrárlok**



## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Helgi Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi – Myndabókin.** Skoðuð verður bók sem heitir Sagan um sögu eftir Sun Axelsson og Sven Nordquist. Þorsteinn frá Hamri þýddi. Umsjón: Gunnvör Braga. (Einnig útvarpað um kvöldið klukkan 20.00.)
9.20 **Sígildir morguntónar.**
9.35 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Haustmorgunn í garðinum.** Umsjón: Hafsteinn Hafliðason.
11.00 **Tilkynningar.**
11.05 **Í liðinni viku.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Sigrún Stefánsdóttir.
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin.
13.30 **Tónlist á laugardegi.**
14.00 **Tilkynningar.**
14.03 **Borgir í Evrópu – Kaupmannahöfn.** Umsjón: Friðrik Páll Jónsson.
15.00 **Þetta vil ég heyra.** Leikmaður velur tónlist að sínu skapi.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Sumarferðir Barnaútvarpsins – Laugarvatn.** Krakkar í þorpi og skóla. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Leikandi létt.** – Ólafur Gaukur.
18.00 **Af lífi og sál.** Erla B. Skúladóttir sér um þáttinn. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Ábætir** – Waxman og Tsjaíkovskí.
20.00 **Litli barnatíminn á laugardegi – Myndabókin.** Skoðuð verður bók sem heitir Sagan um sögu eftir Sun Axelsson og Sven Nordquist. Þorsteinn frá Hamri þýddi. Umsjón: Gunnvör Braga. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Vísur og þjóðlög.**
21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Guðmundur Jónsson syngur við píanóundirleik Guðrúnar Kristinsdóttur.

## Rás I FM 92,4/93,5

22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmóníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. (Áður útvarpað sl. vetur.) Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Línudans.** Örn Ingi ræðir við hjónin Jóhann Má Jóhannsson, bónda og söngvara, og Þóreyju Sigríði Jónsdóttur í Keflavík, Rípurhreppi í Skagafirði. (Frá Akureyri)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Á nýjum degi.** með Pétri Grétarssyni.
10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Ístoppurinn.** Óskar Páll Sveinsson kynnir nýjar og væntanlegar íslenskar hljómplötur.
14.00 **Heimurinn á heimavígstöðvum.** Þorsteinn J. Vilhjálmsson tekur saman tóndæmi hvaðanæva að úr heiminum.
17.00 **Fyrirmyndarfólk.** lítur inn hjá Lísu Pálsdóttur.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
0.10 **Út á lífið.** Skúli Helgason ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

2.00 **Fréttir.**
2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Jóhann G. Jóhannsson tónlistarmann sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)
3.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.35 **Næturnótur.**
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Úr gömlum belgjum.**
7.00 **Morgunpopp.**



## BYLGJAN FM 98,9

9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Athyglisverðir og vel unnir þættir um allt milli himins og jarðar, viðtöl við merkilegt fólk sem vert er að hlusta á.
13.00 **Íþróttadeildin** með nýjustu frétir úr sportinu.
16.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Ljúf dagskrárstund með þessum vinsæla útvarpsmanni, þar sem hann leikur tónlist og fær menn í viðtöl. Sveitatónlist í hávegum höfð.
22.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Strákurinn er búinn að dusta rykið af bestu diskósmellum síðustu ára og spilar þau ásamt því að skila kveðjum til hlustenda.
3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Felix Bergsson.**
12.00 **Steinunn Halldórs.**
15.00 **Á laugardegi.** Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
18.00 **Kiddi Bigfoot. „Partí – ball."**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **FÁ.**
14.00 **FG.**
16.00 **IR.**
18.00 **MH.**
20.00 **MS.**
22.00 **FB.**
24.00 **Næturvakt í umsjón IR.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.
4.00 **Dagskrárlok,**

## RÓT ÚTVARP

10.00 **Tónsprotinn.** Leikin tónlist eftir íslensk tónskáld og með íslenskum hljóðfæraleikurum, kórum og einsöngvurum. Umsjón Soffía Sigurðardóttir.
12.00 **Í þá gömlu góðu daga.** Dægurperlur fyrri ára.
13.00 **Klakapopp.** Dægurlagatónlist síðari ára leikin og spjallað við tónlistarmenn. Umsjón: Steinar Viktorsson og Kristín Sævarsdóttir.
18.00 **Perlur fyrir svín.** Halldór Carlsson.
19.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**



## SKY One

5.00 **Poppþáttur.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.
10.00 **Trans World Sport.** Íþróttaþáttur.
11.00 **Veröld Frank Bough's.** Heimildamynd.
12.00 **Jameson's Week.** Rabbþáttur.
13.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**
14.00 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
15.00 **50 vinsælustu lögin.**
16.00 **Dolly.** Tónlistarþáttur.
17.00 **Mathilda.** Kvikmynd.
19.00 **Kvikmynd.**
**21.00 Fjölbragðaglíma. (Wrestling)**
22.00 **Fréttir.**
22.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

13.00 **The Amazing Captain Nemo.**
15.00 **Daddy Long Legs.**
17.00 **Aurora.**
19.00 **Wild Geese 2.**
21.00 **Car Trouble.**
22.35 **Night Moves.**
00.15 **The Hitchhiker.**
01.00 **Long Shot.**
03.00 **Wild Geese 2.**

## EUROSPORT

9.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
10.00 **Hjólreiðar.** The Nissan Classic á Írlandi.
11.00 **Rugby.** Frá Ástralíu.
12.00 **Körfubolti. Evrópskur körfubolti.**
13.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
14.00 **Hafnarbolti.** Keppni atvinnumanna í Bandaríkjunum.
15.00 **Fótbolti. Evrópukeppnin.**
16.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
17.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
19.00 **Hjólreiðar.** The Nissan Classic á Írlandi.
20.00 **Golf.** The Dunhill Cup. Keppni landsliða sem fram fer á St. Andrews í Skotlandi.
23.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
10.00 **Tónlist og tíska.**
11.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
11.30 **Tónlist og tíska.**
12.00 **Hollywood Insider.**
12.30 **Tónlist og tíska.**
13.00 **Charlie Chaplin.**
13.30 **Poppþáttur**
14.00 **Carry on Laughing.**
14.30 **The Goodies.**
15.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestrasería.
15.30 **Tónlist og tíska.**
16.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
16.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
17.30 **Íþróttir.** Körfubolti.
18.30 **Honey West.** Spennumyndaflokkur.
19.00 **Kvikmynd.**
20.35 **Kennedy.** Míniseria.
23.40 **Kvikmynd.**

### Stöð 2 kl. 0.20:

# Hákarlaströndin

Fallega sumarnótt er ungt fólk að skemmta sér á ströndinni. Fólkið er er að synda og sumir eru búnir að fá sér heldur mikið í staupinu. Allt í einu sér í dökkan hlut sveimandi í sjónum og uppi verður fótur og fit. Eftir æðisgengið kappsund við hákarlinn ná allir landi nema einn. Af honum sést ekkert annað en blóðslóðinn sem rennur að landi.

Ekki batnar ástandið þegar maður nokkur tilkynnir að hundrað hákarlar verði sendir að ströndinni fái hann ekki góða fjárfúlgu. Lögreglustjóri staðarins fær vaska sveit ungra manna til að komast til botns í þessu máli.



**Rod Palmer tekur að sér að leysa gátuna um hákarlinn.**

### Stöð 2 kl. 20.35:

# Speglamorðin

Fröken Jane Marple er önnur þekktasta söguhetja sakamálasagna Agöthu Christie, hin er auðvitað Hercule Poirot. Jane Marple er að þessu sinni kölluð til sveitaseturs vinkonu sinnar til að liðsinna henni í erfiðleikum. Stjúpsonur eigandans kallar hana til vegna þess að dularfullir atburðir eiga sér stað. Sjálfur getur hann ekki tjáð sig um málið en fröken Marple fellst á að hitta hann áður en dagurinn er liðinn. En áður en frökenin hefur leyst málið liggja þrír í valnum.



**Helen Hayes í hlutverki fröken Jane Marple.**

Myndin er frá árinu 1985 og með aðalhlutverk fara Helen Hayes, Bette Davis og John Mills. -JJ



**Óskar Páll Sveinsson leikur eingöngu íslenska tónlist eftir hádegi á laugardögum á rás 2.**

### Rás 2 kl. 12.45:

# Ístoppurinn

Í dag verður tekið forskot á sæluna hvað vetrardagskrá Ríkisútvarpsins varðar því að loknum fréttalestri hefst á rás 2 þáttur sem hlotið hefur nafnið Ístoppurinn. Umsjónarmaður þáttarins er Óskar Páll Sveinsson, margreyndur útvarpsmaður á rás 2. Í þætti sínum fjallar Óskar Páll um nýútkomnar íslenskar plötur og einnig þær sem eru væntanlegar. Hann mun rifja upp gömul íslensk dægurlög og spjalla við einhvern sem kom við sögu.

Í þættinum verður viðtal við Bubba Morthens og leikin verða lög af nýrri hljómplötu sem væntanleg er innan skamms.

Ístoppurinn er eingöngu ætlaður íslenskri tónlist, tónlistarmönnum og textahöfundum og í þáttunum verður unnt að fylgjast með öllu því helsta sem er að gerast í íslenskri dægurtónlist.

### Sjónvarp kl. 22.20:

# Styrjaldarmyndir

## – áströlsk sjónvarpsmynd

Snemma árs 1940 fór ungur ástralskur kvikmyndatökumaður til Mið-Austurlanda til að kvikmynda stríðið. Þetta var Damien Parer og telst fyrsti opinberi kvikmyndatökumaðurinn í Ástralíu. Hann var enginn sérstakur hæfileikamaður á sínu sviði en var valinn til ferðarinnar af því að hann átti hvorki eiginkonu né börn.

Á þremur árum tókst honum að skapa sér nafn svo um munaði og varð fyrsti Ástralinn sem hlaut óskarsverðlaunin. Kvikmynd hans af orrustunni um Kokoda er enn í dag talin ein besta heimildarmynd sem gerð hefur verið.

Damien Parer féll í orrustunni við Palau í september 1944. Hann lét eftir sig eiginkonu, sem hann hafði aðeins verið kvæntur í sex mánuði, son og ótrúlegt safn heimildarmynda um stríðsátök.